

AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattanefndar.

194

18. sept.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 16 10. apríl 1946, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanefndar, út af tekju- og eignarskatti álögðum annars staðar en í Reykjavík, vera til 10. október n. k.

Fjármálaráðuneytið, 18. september 1950.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Kristján Thorlacius.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigurðar Hafsteins Emilssonar“ frá Kleifarstekk í Breiðdal, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 20. september 1950. 195

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Sigurðar Hafsteins Emilssonar frá Kleifarstekk í Breiðdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurðar Hafsteins Emilssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1949 með gjöf hjónanna Þorbjargar Jónsdóttur og Emils Þórðarsonar til Eiðaskóla í minningu um son þeirra, Sigurð Hafstein. Stofnfé sjóðsins er kr. 4000.00, sem aldrei má skerða.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að glæða háttvísi og trúmennsku með nemendum Eiðaskóla, og skal verja allt að $\frac{4}{5}$ ársvaxta árlega til að verðlauna þann eða þá nemendur, sem sýnt hafa yfirburði í þessum dygðum í a. m. k. tveggja ára dvöl í skólanum.

4. gr.

Skólastjóri og kennarar ákveða hverjum skuli veitt úr sjóðnum.

5. gr.

Árlega skal leggja $\frac{1}{5}$ ársvaxta við höfuðstólinn, svo og gjafir, sem sjóðnum kunna að berast. Nemi úthlutunarvextir meiru en sem svarar einni eigulegri viðurkenningu má veita hana sem beinan fjárstyrk eða fleirum en einum nemanda.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands og skal birta reikning sjóðsins í skólaskýrslu Eiðaskóla.